

**Aðalfundur BsVest 10.maí 2019****Þingeyri**

Formaður stjórnar BsVest setur fundinn og býður fundarmenn velkomna. Formaður tilnefnir Jón Pál Hreinsson, bæjarstjóra Bolungarvíkur, sem fundarstjóra og leitar eftir samþykki fundarmanna.

Jón Páll tekur við stjórn fundarins og tilnefnir Magneu Garðarsdóttir sem fundarritar og leitar eftir samþykki fundarmanna.

Fundastjóri gerir nafnakall á þingfulltrúum samkvæmt eftirfarandi:

Íbúafjöldi sveitarfélaga 1. janúar 2019				
Heiti sveitarfélags	Fjöldi íbúa	Fjöldi fulltrúa	Mætt	Nöfn
Reykhólahreppur	258	2	2	Ingimar og Ágústa Ýr
Vesturbyggð	998	3	3	Friðbjörg, Þórkátla og María
Tálknafjarðarhreppur	258	2	2	Bjarnveig og Nancy
Bolungarvíkurkaupstaður	953	3	3	Sigríður Hulda, Katrín og Baldur Smári
Ísafjarðarbær	3800	6	6	Þórdís Sif með 6 atkvæði
Súðavíkurhreppur	204	2	2	Elsa og Bragi
Árneshreppur	40	1	0	
Kaldrananeshreppur	103	1	1	Finnur Ólafsson
Strandabyggð	449	2	2	Ingibjörg og Aðalbjörg
Samtals	7063	22	21	

Gengið til dagskrár samkvæmt samþykktum félagsins:

**1. Ársskýrsla BsVest um starfsemi liðins árs.**

- a. Rebekka Hilmarsdóttir, formaður stjórnar BsVest, gerir grein fyrir ársskýrslu liðins árs.
- b. Fundarstjóri greinir frá því að umræður og afgreiðsla ársskýrslu sé frestað og hún afgreidd samhliða ársreikningi.

**2. Afgreiðsla ársreiknings síðasta árs og skýrsla endurskoðenda byggðasamlagsins.**

- a. Sif Huld Albertsdóttir, framkvæmdastjóri BsVest, gerir grein fyrir ársreikningi fyrir árið 2018.
- b. Fundarstjóri gerir grein fyrir að Sif Huld lagði fram áritaða reikninga af stjórn og endurskoðanda og geta fundarmenn skoðað undirritað eintak hjá ritara óski þeir þess
- c. Orðið er gefið laust vegna ársskýrslu og reikninga.
- d. Engin tók orðið
- e. Fundarstjóri leggur ársskýrslu og ársreikning upp til afgreiðslu. Samþykkt með handauppréttingum.

**3. Laun og þóknun stjórnar**

Fundarstjóri leggur fram eftirfarandi tillögu:

Laun og þóknun stjórnar 2019-2020

- Laun stjórnar og nefnda taki mið af þingafarakaupi eins og það er í dag 1.101.194 kr.
- Laun formanns BsVest verði 6% af 1.101.194 = 66.071kr fyrir hvern setinn fund.
- Laun kjörinna fulltrúa og varamanna verði 3% af 1.101.194 = 33.036 kr fyrir hvern setinn fund.
- Ef stjórnarmaður er framkvæmdarstjóri sveitarfélags eru ekki greidd laun fyrir stjórnarsetu.
- Fæðis og dagpeningar greiðast samkvæmt ákvörðun ferðakostnaðarnefndar hverju sinni. Sæki stjórnarmaður fund utan síns atvinnusvæðis skal greiða honum sem nemur fæðispening fyrir hvern dag. Gisting skal að jafnaði greidd af BsVest.

Fundarstjóri gefur orðið er laust, engin kveður sér hljóðs

Tillagan sett upp til afgreiðslu, enginn á móti og telst hún því samþykkt

**4. Endurskoðuð fjárhagsáætlun starfsársins og fjárhagsáætlun fyrir komandi ár.**

- a. Sif Huld Albertsdóttir, framkvæmdastjóri BsVest, gerir grein fyrir endurskoðaðri fjárhagsáætlun fyrir árið 2019 ásamt fjárhagsáætlun fyrir árið 2020 vísað til stjórnar.

Fundarstjóri gefur orðið er laust, engin kveður sér hljóðs

Tillagan sett upp til afgreiðslu, enginn á móti og telst hún því samþykkt.

#### **5. Starfsáætlun komandi árs.**

- a. Sif Huld Albertsdóttir, framkvæmdastjóri BsVest, gerir grein fyrir starfsáætlun fyrir árið 2019.

Fundarstjóri gefur orðið er laust, engin kveður sér hljóðs

Tillagan sett upp til afgreiðslu, enginn á móti og telst hún því samþykkt.

#### **6. Kosning fimm aðalmanna og fimm varamanna til stjórnar byggðasamlagsins til tveggja ára í samræmi við 5. grein þessara samþykta.**

- a. Fundinum hefur borist bréf frá Pétur G. Markan, fráfaramandi sveitarstjóri Súðavíkur, sem hefur sagt sig frá stjórnarstörfum og er því kosið í hans stað varamaður í stjórn til eins árs (PGM hefur þegar setið eitt ár af tveggja ára kosningu).
- b. Fyrir fundinum liggur tillaga um að kjósa Braga Þór Thoroddsen, sveitarstjóra Súðavíkur, sem varamann í stjórn BsVest.
- c. Samþykkt með lófaklappi.

#### **7. Kosning endurskoðanda og endurskoðendafyrirtækis.**

- a. Fyrir fundinum liggur tillaga um að Endurskoðun Vestfjarða sem endurskoðendur BsVest.
- b. Samþykkt með lófaklappi

#### **8. Umfjöllun um breytingar á samþykktum byggðasamlagsins ef tillaga um það hefur komið fram með löglegum fyrirvara.**

- a. Engar breytingar liggja fyrir fundinum um breytingar á samþykktum BsVest, en í 11.gr samþykktar félagsins kemur fram að:

„Tillögur um breytingar á samþykktum byggðasamlagsins skulu sendar formanni stjórnar í síðasta lagi sjö sólarhringum fyrir upphaf aðalfundar. Tillöguflytjandi skal jafnframt kynna öllum aðildarsveitarfélögum tillöguna bréflaga með sama fyrirvara.“

## 9. Önnur mál.

- a. Ísafjarðarbær setur fram tilkynningu þess efnis um afturköllun á úrsögn Ísafjarðarbæjar úr Byggðasamlagi Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks sem samþykkt var á 1060. fundi bæjarráðs Ísafjarðarbæjar 6. maí 2019.  
*„Bæjarráð samþykkir að draga úrsögn Ísafjarðarbæjar úr Byggðasamlagi Vestfjarða til baka með fyrirvara um bæjarstjórnar“*  
Daníel Jakobsson biður um orðið og fer yfir tilkynninguna.

Fundarstjóri gefur orðið laust.

Sigurður Hreinsson, Þorgeir Pálsson, Daníel Jakobsson, Rebekka Hilmarsdóttir, Bryndís Friðgeirsdóttir og Friðbjörg Matthíasdóttir taka til máls.

Bryndís leggur fram spurningu um faglegt starf og hvernig BsVest standi á landsvísu, Framkvæmdastjóri BsVest svarar að BsVest standi framarlega á landsvísu þegar kemur að faglegu starfi.

Fundarstjóri lokar dagsskrá

Formaður stjórnar slítur fundi 14:30.